

7.3.2018

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum (umsagnir nánustu fjölskyldu).

148. löggjafarþing 2017-2018
Þskj. 198 - 128. mál.

Umsögn:

Gildandi ákvæði laga um ættleiðingar gera það mögulegt að barn sé ættleitt frá upprunafjölskyldu sinni án þess að fjölskyldan hins látna foreldris hafi nokkuð um það að segja og jafnvel fái enga vitneskju þar um. Þetta getur gerst þegar foreldri, annað eða bæði, eru látin, þegar sótt er um ættleiðingu á barninu. Þess eru dæmi að börn hafi verið ættleidd frá upprunafjölskyldu án vitneskju hennar.

Með 8. gr. Barnasáttmálans skuldbinda aðildarríki sig til þess m.a. að virða rétt barns til fjölskyldutengsla. Gildandi ákvæði laga um ættleiðingar virða ekki þennan rétt barnsins.

Með fyrirbyggjandi lagafrumvarpi er úr þessu bætt og lagt til að leita þurfi umsagnar fjölskyldu látins foreldris og beggja ef bæði eru látin.

Í frumvarpinu felst því mikilvæg réttarbót fyrir börn sem misst hafa foreldri sitt. Með þeim breytingum sem í frumvarpinu felast verður til tryggt að börn verða ekki ættleidd frá fjölskyldu látins foreldris nema umsagnar sé fyrst leitað.

Raunar er það skoðun mín að ganga þurfi lengra en fyrirbyggjandi frumvarp gerir og tryggja að ættleiðingar barna undir lögaldri undir þessum kringumstæðum séu ekki mögulegar nema sérstaklega standi á. Til að tryggja það þarf að bæta nýrri viðbótarmálgrein við 11. gr., á eftir þeirri sem lögð er til í frumvarpinu, sem yrði svohljóðandi:

Sé í umsögnum samkvæmt 1. eða 2. mgr. lagst gegn ættleiðingu og fyrir því færðar málefnalegar ástæður skal ekki ættleiða barnið, nema sérstaklega standi á.

Verði eftir því óskað er ég að sjálfsgöðu tilbúin til að koma á fund allsherjarnefndar til að ræða þetta mál frekar.

Með virðingu,
Dögg Pálsdóttir hrl.